

Ungmennaráð – tillaga til 68. Fjórðungspings Vestfirðinga

Við samþykktir FV bætist við ný grein, 16. gr. Ungmennaráð og ungmennaping. Þær greinar sem á eftir koma breyta um númer í samræmi.

„16. gr. Ungmennaráð og ungmennaping

Á vegum Fjórðungssambandsins er árlega haldið ungmennaping. Þingið fer fram einu sinni á ári, að hausti til. Á þinginu er kjörið ungmennaráð Vestfjarða, sem starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir stjórn FV. Ráðið er kjörið til eins árs í senn og á þinginu er kjörinn einn aðalmaður og einn varamaður úr hverju sveitarfélagi á Vestfjörðum þar sem ungmenni eru búsett. Kjörgeng eru þau sem verða 13-18 ára á árinu sem þingið fer fram og eiga lögheimili á Vestfjörðum.

Ráðið fundar þrisvar sinnum á ári hið minnsta, þar af einn staðfundur. Á fyrsta fundi ráðsins skal ráðið skipta með sér verkum.

Stjórn FV setur ungmennaráði erindisbréf.